

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, f.h. ríkissjóðs, og Samband íslenskra sveitarfélaga, f.h. sveitarfélaga, (til samans nefnd aðilar) gera með sér eftirfarandi:

Samkomulag um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms

1. gr. Markmið

Með samkomulagi þessu er lagður grundvöllur að:

- a. eflingu tónlistarnáms með aðkomu ríkissjóðs að kennslukostnaði í tónlistarskólum,
- b. gera nemendum kleift að stunda hljóðfæranám á framhaldsstigi og söngnám á mið- og framhaldsstigi óháð búsetu,
- c. jöfnun aðgengis annarra nemenda til tónlistarnáms óháð búsetu og efnahag,
- d. framlagningu frumvarps til laga um tónlistarskóla á 140. löggjafarþingi Alþingis er komi í stað laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

2. gr. Kennslukostnaður í tónlistarnámi og skipting hans

Aðilar eru sammála um eftirfarandi fyrirkomulag og skiptingu kennslukostnaðar í tónlistarnámi:

- a. Ríkissjóður veitir árlega framlag alls 480 m.kr. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Það jafngildir 76 stöðugildum tónlistarskólakennara, að viðbættri hlutdeild í stjórnunarkostnaði, hljóðfæragjaldi, kostnaði vegna langtímaforfalla og öðrum tengdum kostnaði. Fjáframlög ríkisins í samkomulagi þessu eru háð samþykkt Alþingis.
- b. Framlaginu, sem greiðist til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, er ætlað að standa straum að kennslukostnaði í tónlistarskólum vegna hljóðfæranáms á framhaldsstigi og söngnáms á mið- og framhaldsstigi og tengdum kostnaði. Í reglugerð sem innanríkisráðherra setur verður mælt fyrir um ráðstöfun framlagsins.
- c. Á móti skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir ný verkefni frá ríki sem nemur 230 m.kr.

3. gr. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Aðilar munu í kjölfar undirritunar samkomulags þess tilnefna two fulltrúa hvor í viðræðunefnd um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga og skal samkomulagi um tilfærslu verkefnanna lokið svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 1. júlí nk.

4. gr. Réttindi nemenda

Sveitarfélöginn tryggja að framlag ríkisins fjármagni kennslu þeirra nemenda sem eru innritaðir í viðurkennda tónlistarskóla og uppfylla nánari skilyrði sem sett verða í lögum um tónlistarskóla. Á grundvelli samkomulags þessa tryggja sveitarfélög að nemendur sem uppfylla inntökuskilyrði

Bj

HJ

M

SS

tónlistarskóla og reglur um námsframvindu geti stundað tónlistarnám á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og á mið- og framhaldsstigi í söng án tillits til búsetu. Sveitarfélög skuldbinda sig jafnframt til þess að nemendur sem njóta framlags á grundvelli samkomulagsins greiði ekki annað en skólagjöld til viðkomandi tónlistarskóla. Samkomulag þetta hefur ekki áhrif á rétt tónlistarskóla til að krefja nemendur um skólagjöld skv. gildandi lögum.

Í reglugerð skal jafnframt kveðið á um stuðning jöfnunarsjóðs við tónlistarnám nemenda á grunn- og miðstigi í hljóðfæraleik og á grunnstigi í söng sem þurfa vegna framhaldsskólanáms eða af öðrum gildum ástæðum að innritast í tónlistarskóla utan síns sveitarfélags.

**5. gr.
Gildistaka**

Samkomulag þetta tekur gildi 1. júlí 2011 og gildir til 31. ágúst 2013. Samkvæmt því skal ríkissjóður greiða til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2011 sem nemur helmingi árlegs framlags, sbr. 2. gr. Skal framlagið greiðast í jöfnum mánaðarlegum greiðslum og fer fyrsta greiðslan fram 1. júlí 2011.

**6. gr.
Endurskoðun og mat á framkvæmd**

Viðræður um framlengingu og endurskoðun samkomulagsins skulu hefjast eigi síðar en 1. júní 2012. Sveitarfélög skila árlega, eigi síðar en 1. maí, skilagrein til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um ráðstöfun framlags ríkissjóðs skv. 2. gr., þ.m.t. um kennslumagn og fjölda kennara og nemenda, sundurliðað eftir skólum og hljóðfæragreinum. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar leggi mat á framkvæmd samkomulagsins.


Reykjavík, 13. maí 2011

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga



Halldór Halldórsson formaður

Mennta- og menningarmálaráðherra



Katrín Jakobsdóttir


Guðríður Arnardóttir varaformaður

Fjármálaráðherra


Steingrímur J. Sigfússon

Innanríkisráðherra


Ögmundur Jónasson